

Greinargerð um gróðurathugun við Brekku í Fljótsdal

Inngangur

Að beiðni Vegagerðarinnar var gerð úttekt á gróðri á 3 stöðum þar sem nýtt vegarstæði er fyrirhugað við bæinn Brekku í Fljótsdal. Eftirfarandi lýsing á gróðri byggir á vettvangsferð sem var farin 4. október 1999. Gróður var nokkuð sölnaður en þó hægt að gera sér vel grein fyrir gróðurlendum og að mestu fyrir tegundum. Ekki er þó hægt að útiloka að einhverjar tegundir kunni að hafa verið það sölnaðar að þær hafi ekki sést.

Lýsing gróðurs á vegarstæði

Svæði 1. Ofan við bæinn á Brekku

Gert er ráð fyrir að vegurinn færist nokkru ofar en núverandi vegur á um 600m kafla ofan við bæinn á Brekku (sjá kort). Yst liggur fyrirhugaður vegur um raskaðan mel (me). Á melnum er slitróttur gróður aðallega grös t.d. skriðlíngresi og vinglar. Einnig fannst þar, í röku flagi, blóðarfi og hlaðkolla sem eru tegundir sem tengjast röskuðum svæðum við mannabústaði. Veglínan liggur svo yfir lækjargil (Brekkulæk) með grónum brekkum. Gras- og sefmóagróður (H/S) er í gilinu og voru þar grastegundir svo sem vinglar, língresi, ilmreyr og einnig reyrgresi. Móasef og þursaskegg var áberandi í gilbrekkum en einnig blómplöntur svo sem ljónslappi, hvítsmári, maríustakkur, bláklukka, gleym mér ei og villilín. Áfram liggur veglínan yfir tún (R2), neðan í grashól við útihús og áfram um graslendi sem ekki hefur verið slegið, síðan tekur við slegið tún aftur. Þá graslendi með með ívafi af túngrösum (H/R) næst læk þeim er fellur innan við bæinn á Brekku. Þar voru reyrgresi og umfeðmingur áberandi tegundir auk túngrasa. Veglínan þverar lækjargilið ofar en gamli vegurinn. Gilið er vel gróið, gróskumiklum gras- og sefmóa og einnig er þar talsvert af blómplöntum svo sem hvítsmára, krossmöðru, umfeðmingi, gleym mér ei, maríuvetti og vallhumli. Innan við lækinn tekur við gras og sefmói. Áberandi tegundir eru hálíngresi, vallarsveifgras, túnvíngull og þursaskegg en einnig hærur og ýmsar blómplöntur. Á litlum bletti er hrossanál sem bendir til þess að þar sé ögn deiglendara, annars er móinn þurr.

Svæði 2. Við Kolása

Milli Volagils og Hölknár liggur fyrirhuguð veglína ofar en sú gamla á um 250 m. kafla. Yst liggur nýja veglínan um fremur þurran gras- og sefmóa með smá brúskum af hrossanál. Innan við miðbik þessa nýja vegarkafla er nokkru deiglendara (T/H) og er hrossanál þar áberandi og fleiri deiglendistegundir fundust svo sem elftingar, hárleggjastör, bjúgstör og í rökum flögum flagasef og blómsef. Lítil lækjarspræna rennur um svæðið og eru deiglendistegundir einnig við hana (T). Aftur er þurrt innst þar sem nýja veglínan sameinast þeirri gömlu og eru grös þar áberandi ásamt ýmsum blómplöntum. Brekkan fyrir ofan er algróin, gróskulegum grasmóum.

Svæði 3 við Hölkná

Við Hölkná liggur ný veglína nokkru neðar en gamli vegurinn á um 250 m kafla. Utan við Hölkná er snöggur gras- og sefmói- með litlum deiglendisblettum þar sem hrossanál vex. Heldur gróskumeiri grasmói er innan við ána og er þar mikið af reyrgresi. Einnig er þar ræma af deiglendi með hrossanál og ýmsum flagaplöntum svo

sem flagahnoðra. Innst er hálfgróinn melur. Lítil klettahjalli er rétt neðan við nýja vegarstæðið.

Ályktanir

Aðal gróðurlendi á svæðinu sem skoðað var er grasmóar víða með talsverðu af mósasefi og þursaskeggi. Víðast er þurrleint en á litlum blettum þar sem er deiglandara er hrossanál áberandi. Þessir móar eru algrónir og talsverð gróska, einkum í giljum og við læki og ár. Ekki fundust sjaldgæf gróðurlendi eða gróðurlendi sem teljast sérstaklega verðmæt á annan hátt en að algróið land, þar sem ástand gróðurs er gott, getur í sjálfu sér talist verðmætt. Fjölbreytni gróðurlenda er ekki mikil enda er um mjög lítil svæði að ræða og að hluta til ræktað eða raskað land.

Tegundafjöldi er all mikill miðað við hve lítil athugunarsvæðin voru, og fundust alls 65 tegundir. Eitthvað fleiri tegundir gætu leynast þarna í móum og giljum en þær sem fundust í þessari athugun og ekki var gerð úttekt á tegundum í túnunum. Ekki fundust friðlýstar tegundir eða tegundir á valista en nokkrar tegundir sem hafa takmarkaða útbreiðslu á landsvísu fundust. Það eru: Bláklukka og maríuvöttur sem eru sjaldgæf utan Austurlands en algeng þar, krossmaðra sem er algeng á sunnan- og vestanverðu landinu og fundin á afmörkuðu svæði á Austurlandi og villilín sem er fremur sjaldgæf en þó nokkuð algeng um miðbik Austurlands. Ekki er vitað um að friðlýstar tegundir eða tegundir á valista hafi fundist á þessu svæði.

Heimildir

Hörður Kristinsson 1986. Plöntuhandbókin. Örn og Örlygur, Reykjavík.
Staðfræðikort 1:25000. Landmælingar Íslands 1997.

Tegundalisti. Tegundir háplantna fundnar á og við ný vegarstæði við Brekku í Fljótsdal í október 1999. Nafngiftir, Hörður Kristinsson 1986.

Íslenskt nafn	Latneskt nafn
Augnfró	<i>Euphrasia frigida</i>
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>
Barnarót	<i>Coeloglossum viride</i>
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>
Birki	<i>Betula pubescens</i>
Bjúgstör	<i>Carex maritima</i>
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>
Bláklukka	<i>Campanula rotundifolia</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>
Blóðarfi	<i>Polygonum aviculare</i>
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>
Blómsef	<i>Juncus triglumis</i>
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>
Dýragras	<i>Gentiana nivalis</i>
Fjallavíðir	<i>Salix arctica</i>
Flagahnoðri	<i>Sedum villosum</i>
Flagasef	<i>Juncus biglumis</i>
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>
Gleym-mér-ei	<i>Myosotis arvensis</i>
Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i>
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>
Hálíngresi	<i>Agrostis capillaris</i>
Hálmgresi	<i>Calamagrostis stricta</i>
Hárleggjastör	<i>Carex capillaris</i>
Hlaðkolla	<i>Chamomilla suaveolens</i>
Hnappstör	<i>Carex capitata</i>
Hnúskakrækil	<i>Sagina nodosa</i>
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>
Hrossanál	<i>Juncus arcticus</i>
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>
Hvítsmári	<i>Trifolium repens</i>
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>
Jakobsfífill	<i>Erigeron borealis</i>
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>
Krossmaðra	<i>Galium boreale</i>
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>
Lindadúnurt	<i>Epilobium alsinifolium</i>
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>
Lokasjóður	<i>Rhinanthus minor</i>
Lógresi	<i>Trisetum spicatum</i>
Maríustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>
Maríuvöndur	<i>Gentianella campestris</i>
Maríuvöttur	<i>Alchemilla faeroensis</i>
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>

Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>
Mýrasóley	<i>Parnassia palustris</i>
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>
Mýrelfting	<i>Equisetum palustre</i>
Reyrgresi	<i>Hierochloe odorata</i>
Skarifífill	<i>Leontodon autumnalis</i>
Skriðlíngrasi	<i>Agrostis stolonifera</i>
Snarrótarpunktur	<i>Deschampsia caespitosa</i>
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>
Títulíngrasi	<i>Agrostis vernalis</i>
Tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i>
Túnfífill	<i>Taraxacum spp.</i>
Túnvingull	<i>Festuca rubra</i>
Umfeðmingur	<i>Vicia cracca</i>
Undafífill	<i>Hieracium spp</i>
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>
Vallhumall	<i>Achillea millefolium</i>
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>
Villilín	<i>Linum catharticum</i>
Þursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>

